

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 3. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Enginn nm. vildi samþykkja frv. án breytinga, og flytja þeir breytingartillögur við allar greinar þess nema eina, sem samstaða var um að halda óbreyttri.

Undirritaður telur nauðsynlegt, að gerðar verði á frv. veigamiklar breytingar, og flytur eða styður brtt., sem bornar eru fram á sérstökum þskj. og hann telur til bóta. Að þeim breytingartillögum samþykktum, sem hann styður eða flytur, leggur hann til, að frv. verði samþykkt.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er það flutt samkvæmt ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og bera efnisatriði frv., eins og það hefur verið lagt fram, greinilega með sér, að gjaldkerasjónarmið sveitarstjórnarmanna hafa einfarið ráðið við samningu þess. Vafalaust eiga slík sjónarmið nokkurn rétt á sér, en harla vafasamt þykir undirrituðum að láta þau ein ráða lagasmíð, sem svo mjög varðar almannahagsmunum sem löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldheimtuaðferðir þeirra. Ein afleiðinga þess yrði „fullkomnun“ þess vélræna tillitsleysis, sem í æ ríkara mæli hefur sett svipmót sitt á skattheimtu og ekki síður skattheimtuaðferðir opinberra aðila á síðari árum og bitnar fyrst og fremst harkalega á þeim, sem á einn eða annan hátt verða fyrir tímabundnum eða langvarandi fjárhagsferfiðleikum, hvort heldur er um að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Sífelldu eru innheimtuaðferðir hertar gagnvart slíkum aðilum og þeim gerðar fjárhagslegar refsingar af opinberri hálfu langt umfram það, sem öðrum fjármálaaðilum leyfist eða talið er sæmandi í almennum viðskiptum. Eru dæmin, svo sem ákvæðin um frádrátt útsvara við álagningu, dráttarvexti, heimildir til stöðvunar atvinnurekstrar o. s. frv., hér deginum ljósari.

Með ákvæðum 2. gr. þessa frv. er stefnt að því að herða enn refsíákvæði, ef einhver vanskil, hversu smávægileg sem þau eru, verða varðandi greiðslur útsvara. Er ráðgert í frumvarpsgreininni að breyta þeirri skyldu, sem nú er í gildi um útsvarsfrádrátt, ef greiðsla fer fram fyrir áramót, á þá lund, að útsvar fái nú því aðeins frá dregið við álagningu, að helmingur þess hafi verið greiddur fyrir 30. júní álagningarárið, þótt það hafi að fullu verið greitt fyrir áramót. Með síðasta málslið greinarinnar eru svo gjaldendum í Reykjavík gerðir enn harðari kostir, þar sem þeir þurfa einnig að hafa greitt upp öll önnur opinber gjöld sín til þess að fá útsvarsfrádrátt. Undirritaður er algerlega mótfallinn þessum breytingum og telur, að meðan því líkar frádráttarreglur eru í gildi, ætti það, sem greitt hefur verið af útsvari á álagningarárinu, að fást frádrægið, þótt ekki hafi verið að fullu greitt. Ætti skylda 62. gr. laganna til að beita gjaldendur refsivöxtum vegna vanskila ásamt aðfararrétti að vera fullnægjandi aðhald flestum öðrum en þeim, sem í vanskilum lenda vegna ýmissa lítt viðráðanlegra óhappa, svo sem tekjulækkunar af völdum samdráttar í atvinnulífi, aflabrests og hliðstæðra vandkvæða. Er í þessum efnum skemmt að minnst þeirra stórfelldu erfiðleika, sem sjómanna-stéttin hefur átt í á nýliðnu ári um greiðslur opinberra gjalda.

Varðandi 1. gr. frv. vill undirritaður benda á þá hættu, sem í henni felst á tvísköttun, og styður hann því brtt. um að fella greinina niður.

4. gr. frv. felur í sér framlengingu heimildar til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt vegna tekna, sem eiginkona aflar, um sjómannafrádrátt o. fl. Undirritaður telur, að skylda beri öll sveitarfélög til að veita frádrátt á útsvari í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt um þessi atriði, og styður því brtt., sem í þá átt gengur, en telur hins vegar, að ekki sé ástæða til að yfirfæra frádráttarskyldu laga um tekjuskatt vegna færslu taprekstrar milli ára og vegna varasjóðs-tillags yfir í lög um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem þau ákvæði byggjast að ýmsu á hæpnum forsendum og þyrftu endurskoðunar við.

Samkvæmt framansögðu ræður afgreiðsla hv. þingdeildar á breytingartillögum þeim, sem undirritaður flytur eða styður, afstöðu hans til frv. í heild.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Björn Jónsson.